

Guðmundur Davíðsson

á Hraunum.

Nokkur afmælisorð.

Þess má ekki láta ógetið, þegar minnst er 75 ára afmælis Guðmundar Davíðssonar, að hann hefir ritað eina af merkilegustu bókum sem til eru á íslensku, þar sem er „Íslendingabyggð á öðrum hnötti“.

Próf. Sigurður Nordal minnst á rit þetta í bók sinni „Líf og dauði“ s. 21, og skopast að því, og hefir ekki einusinni svo mikið við, að nefna höfundinn. Það er mikill miskilningur, að þessi Akureyri á Íslandi annar jarðar, sem segir af í bók G. D., sé „hin eilífa höfuðborg“; miskilningurinn er jafnvel svo stórkostlegur, að mig furðar á, að öðrum eins gáfumanni og S. N. skuli hafa slíkt orðið.

Hinn mikli ávinningur í þessum efnum er einmitt sá, að skilja að lífið eftir dauðann er framhald lífsins hér á jörðu. Hér eru ástaðurnar svo erfiðar, að gefast verður upp; en tilrauninni til lífs er svo haldið áfram, við betri ástaður, þegar ekki hefir verið of illa stefnt í lífinu hér á jörðu. Það er í ágætu samræmi við allt sem áunnizt hefir í þekkingu á náttúrunni, að ef til er líf eftir dauðann — og á því er enginn efi — þá sé það líf, fyrst um sinn, mjög skylt í eðli, því lífi sem hér á jörðu er lifað, og þá vitanlega líf á einhverri annari jörð, en ekki í einhverjum óskiljanlegum andaheimi. Saga trúarbragðanna sýnir nægilega, að meðan menn hafa ekki áttað sig á þessu undirstöðuatriði, taka hugmyndirnar um líf eftir dauðann ekki nein- um verulegum framförum, jafnvel þó að um þúsundir ára sé að ræða.

Helgi Pjeturs.